

Námsgrein: Danska

7. bekkur

Kennari: Egill P. Egilsson og Hildur Eva Guðmundsdóttir.

Tímafjöldi á viku: 1. kennslustund

Námsefni: Til grundvallar kennslu verður bókin *SMART* eftir Ásdísi Lovísu Grétardóttur og Ernu Jessen. Auk annarra verkefna frá kennara s.s. rafræn verkefni, hópaverkefni, munnlegar æfingar, hlustanir, ritanir, samskiptaæfingar og kynningar. Þar að auki horfa nemendur á danska þætti og kvikmynd.

Kennsluaðferðir og skipulag: Fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem áhersla er lögð á sjálfstæða vinnu nemenda, innlagnir og leiðsögn frá kennara, umræður, hópavinnu, einstaklingsvinnu og framsögn. Unnið er samkvæmt aðferðum leiðsagnarmats sem þýðir að nemandinn fær með reglulegum og skipulegum hætti upplýsingar um hvernig hann stendur í náminu og rými gefið til bætingar. Nemendur fá leiðsögn um hvernig bera meg ábyrgð á sínu eigin námi. Áhersla er á að efla hæfni í dönsku; æfa lestur, talað mál, samskipti og ritun á dönsku.

Námsmat: Símat. Hlustunarverkefni. Kannanir þar sem orðaforði, lesskilningur og málfræðikunnátta er mæld. Ýmis önnur verkefni frá kennurum. Virkni og þátttaka í tímum.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	að virkja læsi nemenda í gegnum áhugasvið þeirra. Einnig er áhersla á fjölbreyttar lestraraðferðir og að allur lestur er viðurkenndur.
Sjálfbærni	að nemendur verði meðvitaðir um umhverfi sitt og læri að beita þeim björgum sem í boði eru í tungumálanámi, s.s. orðabækur á netinu, villuforrit og svo framvegis.
Heilbrigði og velferð	að nemendur upplifi jákvætt andrúmsloft og læri að taka sjálfstæðar ákvarðanir í námi og verkefnavali út frá áhuga sínum.
Lýðræði og mannréttindi	að nemendur verði með í ráðum þegar kemur að verkefnaskilum. Lögð er áhersla á að nemendur nýti styrkleika sína og þær leiðir sem henta hverju sinni.
Jafnrétti	að öllum nemendum sé mætt á jafningjagrundvelli hverju sinni og komið sé til móts við alla nemendur hvað námsefni, verkefnaval o.fl. varðar.
Sköpun	að nemendur fái tækifæri til að koma með hugmyndir af verkefnum og nýta sköpunarkraft sinn til fjölbreyttra verkefna.

Dönskukennsla í 7. bekk í Borgarhólsskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá á fyrsta stigi. Við lok grunnskóla er gert ráð fyrir að nemendur hafi lokið 3. stigi í dönsku. Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist danskan í eftirfarandi þætti: Hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Námsmat
Hlustun	Smart, tónlist, þættir og kvikmynd.	Nemandi getur: - skilið algeng orð, einföld fyrirmæli og frásagnir og brugðist við þeim, - fylgt meginþræði í einföldu efni sem höfðar til barna og unglunga, - hlustað eftir einföldum upplýsingum og nýtt sér í námi sínu.	Hlustunarverkefni og kannanir.
Lesskilningur	Smart, textar frá kennara auk upplýsinga á netinu.	Nemandi getur: - fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu, - skilið megininntak einfaldra rauntexa með stuðningi ef þarf, - lesið stuttar sögur og bækur á einföldu máli sér til ánægju, - lesið stutt og auðlesið efni tengt öðrum námsgreinum, - lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs.	Kannanir, glósur og lesskilningsverkefni.
Samskipti	Fjölbreytt samskiptaverkefni og leikir þar sem nemendur vinna saman.	Nemandi getur: - spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst, - tekist á við aðstæður í skólastofunni í einföldum samskiptum, - tekið þátt í einföldum samræðum í skólastofunni.	Jafningjamat, hópa- vinna, sjálfsmat. Virkni og þátttaka í tímum.
Frásögn	Smart, verkefnahefti frá kennurum, efni af vef.	Nemandi getur: - tjáð sig á einfaldan hátt um sjálfan sig og líf sitt, - undirbúið og flutt einfalda frásögn eða kynningu um efni sem hann þekkir vel, - flutt einfalt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa, - tjáð sig nokkuð skiljanlega hvað varðar framburð og áherslur.	Kynningar, upptökur og samtalsverkefni.
Ritun	Smart auk annarra verkefna þar sem nemendur nota orðaforða og fyrri reynslu til að skrifa mismunandi texta.	Nemandi getur: - skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við, - byggt upp einfaldar setningar, stafsett algeng orð og notað algeng greinarmerki, - skrifað einfalda texta um efni sem tengist námi hans, - skrifað á einföldu máli um efni sem hann þekkir vel, - samið stutta texta frá eigin brjósti.	Ritunarverkefni, símat, glósur kannanir og fleira.

Menningarlæsi	Smart, danskir netmiðlar, kvikmyndir, þættir og tónlist.	Nemandi getur: - sýnt að hann þekkir til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins, - gert sér grein fyrir mismunandi siðum og hefðum á viðkomandi málsvæði, - sýnt að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.	Virkni í tímum, kannanir.
---------------	--	---	---------------------------